

Lánasjóður íslenskra námsmanna

# Ársskýrsla

2003–4





# Ársskýrsla 2003 – 2004

Reykjavík í júlí 2005

# Efnisyfirlit

Inngangur. ....	5
Starfsreglur sjóðsins.....	6
Stjórn sjóðsins.....	7
Skrifstofa sjóðsins.....	8
Úthlutun.....	10
Jöfnunarstyrkur.....	13
Innheimta námslána.....	14
Tölvumál.....	16
Breytingar á fjármálum LÍN.....	20
Töfluviðauki .....	22
Útlán .....	22
Jöfnunarstyrkur .....	26
Innheimta .....	27
Ársreikningur .....	29

## Inngangur.

Endurskoðaðar úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2003–2004 voru samþykktar á fundi stjórnar 7. maí 2003. Með nýjum reglum var grunnframfærslan hækkuð um 2,65% eða úr 75.500 kr. í 77.500 kr. Frítækjumark var hækkað úr 280 þús.kr. í 300 þús.kr. og skerðing-arhlutfall vegna tekna lækkað úr 40% í 35%. Framfærslugrunnur námsmanna, sem sýnir áætluð útgjöld einhleyps námsmanns í leigu-húsnæði á Íslandi, hækkaði um 4,9%. Samtals hélt stjórn sjóðsins 13 fundi á árinu 2003.

Á stjórnarfundum í byrjun febrúar var samþykkt nýtt starfsskipu-lag fyrir sjóðinn. Tölvudeild var lögð niður og verkefni hennar færð undir aðrar deildir, fyrst og fremst fjármáladeild. Jafnframt var ákveðið að endurskoða samninga við EJS hf. og Hug hf. vegna reksturs tölvukerfa sjóðsins, þ.e. annars vegar um viðhald og eftirlit með vél-búnaði og hins vegar um þróun og viðhald hugbúnaðar. Af öðrum breytingum má nefna ráðningu ráðgjafa til lánadeildar til að annast lögfræðileg álitamál og uppsögn sérstaks samnings um ráðgjöf frá innheimtulögmönnum. Starfsemi afgreiðsludeildar var endurskipu-lögð og fyrstu skref tekin í þá átt að vista aðsend bréf í skjalasafni strax eftir skráningu/skönnun í stað þess að bíða með vistunina þar til erindunum hafði verið svarað.

Stjórnin samþykkti aðild LÍN að Verslunarráði Íslands um vorið. Í umræðu um aðild sjóðsins að ráðinu var m.a. bent á að málefni íslenska fjármálakerfisins væru til sérstakrar skoðunar hjá ráðinu, svo og útrás íslenskra fyrirtækja. LÍN væri mikilvægur hluti íslenska fjármálakerfisins og almennt væri talið að fjölbreytt erlend framhalds-menntun íslenskra ungmenna ætti stóran þátt í alþjóðavæðingu atvinnulífsins á Íslandi.

Í júlí var haldin eGovernment ráðstefna í Como á Ítalíu þar sem keppt var um bestu rafrænu lausnirnar í Evrópu. LÍN var á meðal þeirra 20 bestu í flokknum „Betra líf fyrir íbúa Evrópu“, en tæplega 200 umsóknir bárust inn í þann flokk. Þjónustan sem LÍN kynnti var árangur samstarfs sjóðsins við Form.is sl. ár, þ.e. rafræn afgreiðsla umsókna og auðkenning umsækjenda. Hlökkver Bergmundsson, deildarstjóri lánadeildar, annaðist kynninguna á ráðstefnunni fyrir hönd sjóðsins.

Fjárhagsstaða sjóðsins telst nú orðin traust. Frá árinu 1992 hefur framlag ríkisins til LÍN verið við það miðað að það beri þann raun-kostnað sem lánasjóðurinn hefur af lánveitingum til námsmanna. Kostnaðinn hefur Ríkisendurskoðun reiknað út frá tilteknum forsendum og var hann árið 2003 talinn nema 49% af útlánunum eins og árið áður. Að auki þarf framlag ríkissjóðs að standa undir árlegum rekstrarkostnaði sjóðsins. Vextir nýrra lána, sem sjóðurinn tók á árinu 2003, fóru lækkaði eftir því sem leið á árið og voru á bilinu 4,47–4,87%.

Í fjárlögum fyrir árið 2003 voru almenn útlán áætluð 5.930 m.kr. og framlag ríkisins ákveðið 3.028 m.kr., en að auki var gert ráð fyrir að sjóðurinn hefði til ráðstöfunar u.þ.b. 160 m.kr. ónotað framlag frá árinu 2002. Á árinu 2003 námu veitt almenn námslán samtals 5.278 m.kr. og veitt markaðskjaralán 83 m.kr. Útlánin reyndust þannig

**„Fjárhagsstaða sjóðsins telst nú orðin traust. Frá árinu 1992 hefur framlag ríkisins til LÍN verið við það miðað að það beri þann raunkostnað sem lánasjóðurinn hefur af lánveitingum til námsmanna. Kostnaðinn hefur Ríkisendurskoðun reiknað út frá tilteknum forsendum og var hann árið 2003 talinn nema 49% af útlánunum eins og árið áður. Að auki þarf framlag ríkissjóðs að standa undir árlegum rekstrarkostnaði sjóðsins.“**

**„Við útreikning á raunkostnaði námslána er miðað við vegið meðaltal vaxta á teknum lánnum sjóðsins, en það lækkaði úr 5,58% í árslok 2002 í 5,48% í árslok 2003. Útistandandi námslán eru færð niður um fjárhæð sem líklegt er að ekki náist að innheimta og sérstakur afskriftarsjóður myndaður í efnahagsreikningi LÍN. Framlag í hann á árinu var 833 m.kr.“**

umtalsvert minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum og var framlag ríkissjóðs skert í fjárukalögum um 77 m.kr. vegna breytinga á gengisforsendum. Fjárveiting ársins var því 2.951 m.kr. og fjárveiting umfram lágmark, sbr. útreikninga Ríkisendurskoðunar, yfirfærð til næsta árs. Helstu frávik frá forsendum fjárlaga mátti rekja til námsmanna erlendis, þó að aðalóvissan í áætlanagerðinni hafi tengst mikilli fjölgun námsmanna í lánshæfu námi á Íslandi. Kostnaðarlækkun vegna gengisbreytinga og tilfærslu lánþega erlendis milli landa var vanmetin og átti stærstan þátt í frávikunum.

Tekjuafgangur á árinu nam 1.832 m.kr. Bókfært eigið fé hækkaði um sömu fjárhæð eða úr 26.653 m.kr. í 28.485 m.kr. Núvirt eigið fé hækkaði á hinn bóginn um 2.700 m.kr. eða úr 6.900 m.kr. í 9.600 m.kr.

Við útreikning á raunkostnaði námslána er miðað við vegið meðaltal vaxta á teknum lánnum sjóðsins, en það lækkaði úr 5,58% í árslok 2002 í 5,48% í árslok 2003. Útistandandi námslán eru færð niður um fjárhæð sem líklegt er að ekki náist að innheimta og sérstakur afskriftarsjóður myndaður í efnahagsreikningi LÍN. Framlag í hann á árinu var 833 m.kr. Endanlegar afskriftir námu 280 m.kr. samanborið við 311 m.kr. árið á undan. Afskriftareikningur útlána í efnahagsreikningi LÍN hækkaði úr 7.847 m.kr. í 8.400 m.kr.

Í fjárlögum fyrir árið 2004 voru ný almenn útlán áætluð 6.600 m.kr. og ný markaðskjaralán 100 m.kr. Áætlunin gerði ráð fyrir ríkissjóðsframlagi að fjárhæð 3.234 m.kr. til afskrifta útlána og niðurgreiðslu vaxta og 320 m.kr. til rekstrar umfram sértekjur, samtals 3.554 m.kr. Ríkissjóðsframlagið var á hinn bóginn ákveðið 142 m.kr. lægra eða 3.412 m.kr. vegna ónotaðs framlags frá undangengnum árum.

## Starfsreglur sjóðsins.

Nokkrar breytingar voru gerðar á úthlutunarreglum við endurskoðun þeirra fyrir námsárið 2003–04 og voru helstu nýmælin eftirfarandi:

1. Grein 1.1. Bætt er inn í greinina ákvæði um fjarnám þess efnis að það geti verið lánshæft ef boðið er upp á a.m.k. 75% nám miðað við reglubundið skólanám.
2. Grein 2.1.2. Námsmaður sem flýtir námslokum með námi á sumarönn og lýkur 75% af fullu námi á venjulegri önn, skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins, getur átt rétt á sumarláni þegar námsárangur liggur fyrir.
3. Grein 2.2.1. Orðalagi skilgreiningar á námsframvindu er breytt á þann veg að nú skal námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins.
4. Grein 2.2.2. Samsvarandi orðalagsbreyting er gerð varðandi lágmarksnámsárangur, þ.e. ljúka verður í það minnsta 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins til þess að fá námslán.
5. Grein 2.3.3. Bætt er inn ákvæði þess efnis að heildarsvigrúm þeirra sem fá undanþágu vegna námsframvindu skv. greininni eykst ekki.
6. Grein 2.4.2. Reglan er rýmkuð frá því sem var. Heimilt verður til

viðbótar fyrri undanþágum að veita námsmanni lán í allt að eitt námsár til viðbótar ef hann hefur áður staðist lokapróf í lánshæfu námi og lýkur á námsárinu öðru lokaprófi í lánshæfu námi. Með lokaprófi er átt við próf til staðfestingar starfs- eða háskólagráðu, en ekki undirbúnings-, fornáms- eða frumgreinapróf (raungreinadeildarpróf).

7. Grein 3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi er ákveðin 77.500 kr.
8. Grein 3.3.1. Áhrif tekna á námslán skólaársins skal að jafnaði dreift jafnt á 9 mánuði venjulegs skólaárs, þó aldrei lengra en til 30. júní 2004.
9. Grein 4.1. 35% tekna umfram 300.000 kr. koma til frádráttar í stað 40% af 280.000 kr. áður.
10. Grein 4.2. Framfærsla er 70% af grunnframfærslu, en 35% tekna umfram 238.000 kr. koma til frádráttar í stað 40% af 222.000 kr. áður hjá námsmönnum sem hvorki búa í leigu- né eigin húsnæði.
11. Grein 4.2.2. Nú verður heimilt að hækka framfærslu upp í 100% hjá námsmönnum sem búa hjá efnalitlum foreldrum, ef tekjur hvors foreldris um sig eru undir viðmiðunarmörkum.
12. Grein 4.3. 35% tekna umfram 300.000 kr. koma til frádráttar í stað 40% af 280.000 kr. áður hjá einstæðum foreldrum.
13. Grein 4.5. 35% tekna umfram 300.000 kr. hjá námsmönnum í hjónabandi eða í skráðri sambúð koma til frádráttar í stað 40% áður af 280.000 kr.
14. Grein 4.6. 35% tekna umfram 450.000 kr. koma til frádráttar í stað 40% af 420.000 kr. áður þegar makalán er veitt.
15. Grein 4.13. Markaðskjaralán vegna skólagjalda til allt að 10 ára bera nú 2% álag á lægstu bankavexti auk verðtryggingar.

## Stjórn sjóðsins.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ), einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra námsmanna (BÍSN), einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands (INSÍ), einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.

Stjórnarmenn.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er skilgreint í 5. gr. laga.

### **Stjórn Lánasjóðsins eins og hún var skipuð í júní 2003:**

Fulltrúi menntamálar.: . . . . . Gunnar I. Birgisson (formaður)

Fulltrúi menntamálar.: . . . . . Kristín Edwald (varaform.)

Fulltrúi menntamálar.: . . . . . Agla Elísabet Hendriksdóttir

Fulltrúi fjármálar.: . . . . . Ásta Þórarinsdóttir

Fulltrúi SÍNE.: . . . . . Guðmundur Thorlacius Ragnarsson

Fulltrúi SHÍ.: . . . . . Ingunn Guðbrandsdóttir

Fulltrúi BÍSN: . . . . . Fjóla Margrét Hrafnkelsdóttir

Fulltrúi INSÍ: . . . . . Jónína Brynjólfssdóttir

Gunnar Freyr Gunnarsson kom í stað Fjólu Margrétar Hrafnkelsdóttur sem aðalfulltrúi BÍSN í júlí 2003. Jarprúður Ásmundsdóttir tók

„Gunnar Freyr Gunnarsson kom í stað Fjólu Margrétar Hrafnkelsdóttur sem aðalfulltrúi BÍSN í júlí 2003. Jarprúður Ásmundsdóttir tók sæti aðalfulltrúa SHÍ í stjórninni í júlí 2003, Ingunn Guðbrandsdóttir varð varamaður hennar.“



sæti aðalfulltrúa SHÍ í stjórninni í júlí 2003, Ingunn Guðbrandsdóttir varð varamaður hennar.

Guðmundur Thorlacius Ragnarsson hætti í stjórn sem aðalfulltrúi SÍNE í september 2003, Brynhildur Ingvarsdóttir tók þá sæti hans.

**Varamenn stjórnar á sama tíma voru þessir:**

Varafultr. formanns: .....Auður Stefánsdóttir

Varafultr. varaform.: ..... Birgir Tjörvi Pétursson

Varafullt. menntam.r.: .....Arna Hauksdóttir

Varafultrúi fjármálar.: ..... Sigurjón Pálsson

Varafultrúi SÍNE: ..... Heiður Reynisdóttir

Varafultrúi SHÍ: ..... Jarþrúður Ásmundsdóttir

Varafultrúi BÍSN: ..... Líf Magneudóttir

Varamaður INSÍ: ..... Sveinbjörn Gunnlaugsson

Margrét Einarsdóttir tók sæti varafultrúa varaformanns í júlí 2003 af Birgi Tjörva Péturssyni. Ásdís Rósa Þórðardóttir tók sæti varafultrúa menntamálaráðuneytis í júlí af Örn Hauksdóttur og Þórður H. Þórarinsson tók sæti varafultrúa fjármálaráðuneytis í stað Sigurjóns Pálssonar.

Sveinbjörn Gunnlaugsson hætti sem varafultrúi INSÍ í janúar 2004 og kom Snorri Jónsson í hans stað. Í apríl 2004 hætti Ingunn Guðbrandsdóttir sem varafultrúi SHÍ, Kristín María Birgisdóttir tók sæti hennar.

Líf Magneudóttir hætti sem varafultrúi BÍSN í júní 2004, Eyrún Jónsdóttir kom í hennar stað.

Störf stjórnar.

Starfshættir stjórnarinnar voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Stjórnarmenn skiptu með sér verkum og störfuðu utan venjulegra stjórnarfunda í nokkrum nefndum, m.a. vafamála-, endurgreiðslu- og endurskoðunarnefnd.

Málskotsnefnd.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna málskotsnefnd og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar LÍN séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.

**Málskotsnefnd var þannig skipuð:**

Arnfríður Einarsdóttir, lögfræðingur, formaður.

Helgi Jóhannesson, hæstaréttarlögmaður.

Sigurður Ingi Halldórsson, lögfræðingur.

Skrifstofa sjóðsins.

Skrifstofa sjóðsins er í Borgartúni 21, Reykjavík, Höfðaborg.

Starfsemin skiptist í þrjár deildir, þ.e. afgreiðsludeild, fjármála- og rekstrardeild og lánadeild. Leitast er við að á hverju sérsviði innan hversrar deildar starfi a.m.k. tveir starfsmenn eftir því sem við verður komið. Sjóðurinn er með samning við fyrirtækið Skúlason ehf. um símsvörunarþjónustu. Símtöl sem starfsmaður á skiptiborði Lánasjóðsins nær ekki að svara fara sjálfkrafa til starfsmanna Skúlasonar sem svara fyrirspurnum eða taka niður skilaboð sem send eru áfram til starfsmanna Lánasjóðsins.



Fyrir utan hin daglegu verkefni, er unnið í deildunum að ýmsum sérverkefnum eftir því sem tilefni gefst til.

Afgreiðsludeild:

Starfssvið afgreiðsludeildar er fyrst og fremst dagleg afgreiðsluþjónusta í síma og afgreiðslusal, umsjón með vistun skjala, bóka og annarra gagna, svo og ákveðin verkefni fyrir framkvæmdastjóra. Undir afgreiðsludeild heyrir umsjón með kaupum á vörum og þjónustu. Umsjón með skilum á nýjum skuldabréfum frá lánþegum og varðveisla skuldabréfa. Eftirlit með áreiðanleika lánþega sem skuldara og ábyrgðarmanna. Umsjón með afgreiðslu markaðskjaralána. Ýmis samskipti við banka og sparisjóði vegna afgreiðslu lána. Undir deildina heyrir einnig umsjón með vefsvæðinu „Sent og svarað“.

Fjármála- og rekstrardeild:

Helstu verkefni deildarinnar felast í umsjón með fjárreiðum sjóðsins, áætlanagerð og daglegum rekstri tölvukerfa. Deildin gerir áætlanir um námsaðstoð, rekstur, fjárfestingu, sjóðsstöðu og fjárbörf og ber saman við rauntölur. Bókhald og greiðslur reikninga, starfsmannahald og innheimta námslána er á verksviði deildarinnar. Daglegur rekstur tölvukerfa sjóðsins er á ábyrgð deildarinnar og jafnframt móttaka og sending tölvugagna, hönnun eyðublaða, framkvæmd útgáfumála og prentun gagna og eyðublaða.

Lánadeild:

Á starfssviði deildarinnar er öflun upplýsinga um skipulag náms í þeim löndum og skólum sem lánþegar stunda nám, mat á skólum og námsgreinum. Vistun þeirra upplýsinga og úrvinnsla lánsúmsóknna. Námseftirlit. Kostnaðareftirlit. Tillögugerð til stjórnar um kröfur sjóðsins til námsframvindu og útreikning námslána skv. þeim. Útgáfa upplýsingabæklinga og annars upplýsingaefnis um námsframvindu-kröfur sjóðsins, úthlutunar- og vinnureglur. Ráðgjöf og viðtöl við lánþega. Samskipti við skóla, banka og sparisjóði. Umsagnir um láns hæfi náms. Skráning og úrvinnsla upplýsinga frá námsmönnum í tölvukerfi. Umsagnir um vafamál og undirbúningur vegna vafamálanefndarfunda, fundargerðir og bréfaskriftir vegna þeirra. Aðstoð við framkvæmdastjóra vegna tiltekinna verkefna.


Starfsmannahald.

Í júní 2003 var 21 starfsmaður í föstu starfi við sjóðinn. Framkvæmdastjóri sjóðsins var Steingrímur Ari Arason. Edda Kristjánsdóttir var deildarstjóri afgreiðsludeildar, Stefán Aðalsteinsson deildarstjóri fjármála- og rekstrardeildar og Hlöðver Bergmundsson deildarstjóri lánadeildar.

**Aðrir starfsmenn hjá sjóðnum í júní 2003 voru:**

Anna Kristín Sigurðardóttir  
Ásrún Helga Kristinsdóttir  
Bergljót Þórðardóttir  
Guðfinna Guðfinnsdóttir  
Guðbjörg Erla Benjamínsdóttir  
Guðrún Sesselja Grímsdóttir  
Helgi Loftsson  
Jóhanna Gunnarsdóttir

### Námsárangur allt árið 2003-4



Jón Guðni Sveinsson  
Margrét Árnadóttir  
Petrína Sæunn Úlfarsdóttir  
Rafn Baldur Gíslason  
Rannveig Lind Egilsdóttir  
Sigríður Björg Árnadóttir  
Sigríður Ágústsdóttir Morthens  
Sigríður Þorgilsdóttir  
Sigurlína Ingadóttir

Guðbjörn Guðmundsson hóf störf í lánadeild í júlí 2003.

Starfsemin.

Í starfi skrifstofunnar vega þyngst tveir málaflokkar: úthlutun lána og innheimta afborgana. Allir starfsmenn sjóðsins taka með einhverjum hætti þátt í þessum meginverkefnum. Önnur verkefni eru: Reikningshald, úthlutun jöfnunarstyrkja, kynning, útgáfa, innra eftirlit, stefnumótun, áætlana- og skýrslugerð.


### Úthlutun.

Úthlutun lána á námsárinu 2003–2004 fór fram með svipuðum hætti og námsárið á undan. Áfram var lögð áhersla á það að beina sem flestum umsækjendum inn á rafræn samskipti. Þann 7. júní 2003 var sent bréf til 7.676 lánþega námsársins á undan þar sem þeir voru hvattir til að sækja um lán á vef sjóðsins, ætluðu þeir sér á annað borð að sækja um námslán. Þeir sem ekki gátu nýtt sér vefinn gátu nálgast hefðbundið eyðublað í afgreiðslu sjóðsins. Til viðbótar voru send út viðeigandi bréf til þeirra sem: a) gert var ráð fyrir að væru að ljúka námi á skólaárinu 2002–03; b) höfðu sótt um lán á haustönn 2002, en ekki á vorönn 2003; c) áttu að öðru óbreyttu ekki rétt á áframhaldandi lánum. Þann 1. september 2003 höfðu sjóðnum borist 8.156 umsóknir, þar af 5.397 frá Form.is eða 66% en 2.759 á pappír eða 34%.


Námsáraskipti gengu vel fyrir sig og var námsárið 2003–04 stofnað inn í námslánakerfinu 20. júní 2003. Útreikningur lána hófst svo 22. júlí 2003 og fylgdi því að venju álag á síma og afgreiðslu. Daginn eftir voru sendar út lánsáætlanir fyrir komandi námsár og skólagjalda- og ferðalán greidd út fyrirfram til annarra en 1. árs nema. Námsmenn gátu framvísað lánsáætluninni í sínum viðskiptabanka og fengið þar fyrirgreiðslu út á væntanlegt framfærslulán. Útborgun framfærslulána vegna haustannar 2003 hófst 20. desember til þeirra námsmanna erlendis sem skilað höfðu umbeðnum gögnum, þ.m.t. námsframvindu. Almenn úthlutun lána hófst svo 6. janúar 2004 til annarra umsækjenda. Útborgun framfærslulána vegna vorannar 2004 hófst 28. maí 2004, þ.e. á sama tíma til allra lánþega.

Sjóðurinn fékk sendan námsárangur með rafrænum hætti frá öllum háskólum á Íslandi eða fyrir 7.400 umsækjendum, en starfsmenn sjóðsins þurftu að handskrá námsárangur fyrir 800 námsmenn á Íslandi og 2.300 námsmenn erlendis. Úthlutun lána gekk hratt og vel fyrir sig. Þann 9. febrúar 2004 hafði borist námsárangur fyrir 94% umsækjenda á Íslandi og 51% umsækjenda erlendis vegna haustannar 2003 og 16. júní hafði borist námsárangur fyrir 87% umsækjenda á Íslandi og 27% erlendis vegna vorannar 2004. Álag í afgreiðslu og síma fylgdi misserislokum þegar framfærslulán voru greidd út.

### Námsárangur haust 2003



### Námsárangur vor 2004



Í nóvember 2003 fengu 9.450 umsækjendur bréf þar sem þeim var bent á að þeir þyrftu að endurskoða tekjuáætlun sína áður en af útborgun haustláns gæti orðið. Umsækjendur voru þar hvattir til að nýta sér rafræn eyðublöð á vef sjóðsins, eins og fyrr á árinu og staðfesta þannig tekjuáætlun sína. Hefðbundin eyðublöð var þó hægt að nálgast í afgreiðslu sjóðsins. Umsækjendur þurftu síðan endanlega að staðfesta tekjuupplýsingar sínar á Íslandi með afriti af skattframtali 2004 og skattframtali erlendis ef eftir því var leitað. Þeir umsækjendur sem töldu fram allar sínar tekjur á vef RSK voru undanþegnir því að leggja fram afrit skattframtals. Sent var út sérstakt bréf 8. mars 2004 til 10.397 umsækjenda vegna skila á skattframtalsupplýsingum.


Til undirbúnings útborgun framfærslulána voru send árituð skuldabréf til útfyllingar til þeirra námsmanna sem voru að sækja um lán í fyrsta sinn eða höfðu gert meira en árshlé á fyrra námi sínu. Jafnframt voru send árituð viðbótarábyrgðarbréf til þeirra sem höfðu ekki nægjanlegar ábyrgðir fyrir væntanlegu námsláni vetrarins og þeim þannig gefinn kostur á að ganga tímanlega frá ábyrgðinni áður en til úthlutunar kæmi. Í nóvember 2003 voru send út 2.094 ný skuldabréf og 667 viðbótarábyrgðir vegna úthlutunar á haustönn og í apríl 2004 voru send út 692 ný skuldabréf og 148 viðbótarábyrgðir vegna úthlutunar á vorönn.

Eins og undanfarin ár var ákvörðun námsloka og undirbúningur að lokun R-skuldabréfa hafinn með útsendingu á sérstöku tilkynningarbréfi. Að þessu sinni var markhópurinn þeir sem höfðu lokið lánshæfu námi á námsárinu 2002–03 eða síðan þá ekki sent sjóðnum neinar upplýsingar um lánshæfan árangur. Bréfið var sent út 6. nóvember 2003 til 2.118 fyrrum lánþega og þeir upplýstir um væntanleg námslok og upphaf á endurgreiðslum á árinu 2004. Þeir sem höfðu haldið áfram námi voru hvattir til að hafa samband við sjóðinn og fá námslokunum breytt.


Auk venjulegra námslána gátu námsmenn sótt um sérstök lán á markaðskjörum vegna greiðslu skólagjalda. Sjóðurinn reiknaði út sérstaklega greiðslubyrði af slíku láni fyrir umsækjendur og mat ábyrgðir áður en til afgreiðslu þeirra kom.

Gefinn var út bæklingur með úthlutunarreglum sjóðsins ásamt útskýringum og dæmum. Einnig gátu námsmenn fengið sérstakan bækling með þeim lögum og reglugerðum sem gilda um sjóðinn.


Í töfluviðauka er gerð töluleg grein fyrir helstu atriðum úthlutunar. Á námsárinu 2003–2004 voru 10.962 umsækjendur um námslán en 9.860 árið á undan. Þeim fjölgaði um 943 eða 11,2% í stað 960 eða 18,1% árið á undan. Af umsækjendum urðu 9.133 lánþegar eða 83,3% og heldur það hlutfall áfram að hækka eins og undanfarin ár. Lánþegum fjölgaði um 1.134 frá fyrra ári eða 14,2% á móti 19,7% í fyrra. Þeim fjölgaði um 16% á Íslandi og fyrst og fremst í námi á háskólastigi, en hafði fjölgað um 26% árið á undan og þá hlutfallslega meira í sérnámi. Á sama tíma fjölgaði lánþegum erlendis um 9,0% á móti 4,4% árið áður. Þegar litið er á fjöldatölur lánþega alveg aftur til námsársins 1990–91, kemur í ljós að þeim fækkaði verulega á námsárinu 1992–93 en fjöldinn hélst nokkuð stöðugur eftir það, u.þ.b. 6 þúsund manns eða allt fram til 1999–2000. Síðan þá hefur




### Skipting milli námsstiga á Íslandi




### Skipting milli námsstiga erlendis



### Skipting á Íslandi eftir fjölskyldustöðu



### Skipting erlendis eftir fjölskyldustöðu



lánþegum fjölgað um 3.355 eða 58%, þar af hefur þeim fjölgað um 2.883 eða 73% á Íslandi en 472 eða 26% erlendis.

Ef skipting lánþega eftir námsstigi er skoðuð, sést að hún er með svipuðum hætti og hún var í fyrra. 10% voru í framhaldsháskólanámi, 76,3% í grunnskólanámi og 13,7% í sérnámi. Þessi skipting er með ólíkum hætti hjá námsmönnum erlendis og Íslandi eins og reyndin hefur verið sl. ár. Erendis voru 23,4% þeirra í framhaldsháskólanámi, 58,9% í grunnskólanámi og 17,6% í sérnámi, en á Íslandi voru ekki nema 5,6% í framhaldsháskólanámi, 82% í grunnskólanámi og 12,4% í sérnámi.

Lánþegum í foreldrahúsum á Íslandi fjölgaði einungis um 117 milli námsáranna 2002–2003 og 2003–2004 eða 8,4% í stað 245 eða 21,5% árið á undan. Barnlausum einstaklingum í leiguhúsnæði/eigin húsnæði á Íslandi fjölgaði um 279 eða 12,1% í stað 15,2% fjölgunar árið áður. Þeim fjölgaði hins vegar um 132 erlendis eða 8,8% í stað 5,6% árið á undan. Fjölskyldufólki, þ.e. lánþegum með börn á framfæri fjölgaði hins vegar mest á nýliðnu námsári. Einstæðum foreldrum meðal námsmanna fjölgaði um 96 eða 12,5% milli ára, sem er mun meira en árið áður þegar þeim fjölgaði um 5,6%. Fjölgunin varð bæði á Íslandi, 13,5% og erlendis, 5,8%. Lánþegum með börn á framfæri í hjónabandi eða sambúð fjölgaði um 516 eða 25,6%, en þeim hafði fjölgað um 46% árið áður. Fjölgunin meðal þeirra var mun meiri á Íslandi en erlendis, á Íslandi fjölgaði þeim um 457 eða 30,3%, en erlendis fjölgaði þeim um 59 eða 11,7%. Ástæða þessarar miklu fjölgunar lánþega í hjónabandi/sambúð með börn á framfæri má m.a. rekja til aukins námsframboðs og breytinga sem áður höfðu verið gerðar á úthlutunarreglunum, þ.e. makatekjur hafa engin áhrif á upphæð láns nema í þeim tilfellum þegar sótt er um sérstakt makalán.

Þegar litið er á fjölskylduáðstæður lánþega aftur til ársins 1991, má sjá að innbyrðis skipting þeirra helst nokkuð stöðug hlutfallslega, en áberandi er þó hin mikla aukning fjölskyldufólks í hópi lánþega á Íslandi sem byrjar 2002.

Nýnemum í hópi lánþega, þ.e. þeim sem eru að hefja lánshæft nám í fyrsta sinn fjölgaði um 120 eða 5,3%, sem er veruleg breyting frá fyrra ári. Fjölgun nýnema erlendis var nær óbreytt frá fyrra ári, fjölgaði um 21 eða 5,5%, en á Íslandi fjölgaði þeim aðeins um 99 eða 5,2% í stað 31,1% árið áður.

Heildarupphæð veittrar aðstoðar hækkaði um tæp 23% milli ára á móti 17,0% hækkun árið áður. Þessi hækkun er fyrst og fremst vegna náms á Íslandi því þar hækkaði heildarlánaupphæðin um 29,0% á sama tíma og hún hækkaði 13,1% erlendis. Þetta skýrist fyrst og fremst af mikilli fjölgun lánþega á Íslandi milli ára. Meðallán til námsmanna erlendis hækkaði um 3,8%, en það hafði lækkað um 14% árið á undan í íslenskri mynt. Upphæð meðallána til lánþega á Íslandi hækkaði hins vegar um 11,1% í stað 13,7% árið á undan.

Meðallánið á Íslandi er 9% lægra en grunnframfærsla námsmanns á Íslandi en meðallánið erlendis 43% hærra, en til samanburðar voru tölurnar 18% á Íslandi í fyrra og 38% erlendis. Þessi munur skýrist m.a. af því að meiri tekjufrádráttur er á lánum til námsmanna

á Íslandi, ýmis viðbótarkostnaður (skólagjöld, ferðalán o.fl.) er mun meiri erlendis en á Íslandi og framfærslan erlendis yfirleitt hærri en á Íslandi. Bilið þarna á milli hefur þó minnkað sl. tvö ár vegna hagstæðrar gengisþróunar, þ.e. sterkri stöðu íslensku krónunnar gagnvart erlendri mynt.

Heildarlán vegna skólagjalda á námsárinu voru tæpar 627 m.kr. sem er tæp 65 m.kr. hækkun frá fyrra ári eða 11,5%. Skólagjaldalán voru veitt til 1.662 lánþega í stað 1.465 árið á undan, sem er fjölgun um 197 manns eða 13,4%. Meðalskólagjaldalánið var rúmar 377 þús. kr. í stað 384 þús. kr. í fyrra, sem er 1,7% lækkun á móti 6,4% lækkun árið á undan.

330 námsmenn erlendis fengu skólagjaldalán eða 11 færri en árið áður sem er 3,2% fækkun. Heildarlán vegna skólagjalda til námsmanna erlendis voru tæpar 280 m.kr., sem er lækkun um tæpar 20 m.kr. eða 6,6%. Meðalskólagjaldalán til lánþega erlendis lækkar annað árið í röð, fer úr 877 þús. kr. í 846 þús. kr. sem er 3,5% lækkun frá fyrra ári. Ástæða er, eins og áður hefur komið fram fyrst og fremst styrk staða íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á þessum tíma.

Þeim sem fengu lán vegna skólagjalda á Íslandi fjölgaði úr 1.124 í 1.332 eða 18,5% frá fyrra ári og heildarlán vegna skólagjalda á Íslandi hækkuðu úr 263 m.kr. í 348 m.kr. sem gerir 32,1% hækkun. Meðalskólagjaldalánið á Íslandi hækkaði um 11,5% milli ára, fór úr 234 þús. kr. í 261 þús. kr. Heildarupphæð skólagjaldalána á Íslandi hefur aukist verulega á undanförmum árum.

Á námsárinu afgreiddi sjóðurinn lán á markaðskjörum vegna skólagjalda til 124 lánþega, sem er 10,1% fækkun frá fyrra ári. Heildarupphæð markaðskjaralána nam 53,5 m.kr. í stað 61,4 m.kr. í fyrra, sem er 12,9% lækkun. Meðalmarkaðskjaralánið var 431 þús. kr., en það er 3% lækkun frá fyrra ári.


## Jöfnunarstyrkur.

Eins og á fyrri námsárum var fast lagt að umsækjendum að sækja um á rafrænu umsóknareyðublaði sem hægt var að nálgast á vef sjóðsins. Hefðbundin umsóknareyðublöð voru þó í undantekningartilfellum send til þeirra sem ekki gátu nýtt sér þessa nýju tækni. Umsóknarfrestur var til 31. október vegna haustmíssis 2003 og til 31. janúar vegna vormíssis 2004. Heimilað var þó að taka við umsóknum í mánuð eftir auglýstan umsóknarfrest og skyldu þeir styrkir skertir um 1% fyrir hvern dag fram yfir framangreindan frest.


7.320 umsóknir bárust vegna námsársins, þar af 3.630 vegna haustmíssis 2003 og 3.690 vegna vormíssis 2004 og eru það 143 umsóknum færri en árið áður eða 1,9% fækkun á móti 3,7% fjölgun árið áður. 6.422 umsóknir voru samþykktar eða 87,8% innsendra umsókna í stað 88,2% árið áður og er það fækkun um 160 eða 2,4%. Af samþykktum umsóknum voru 4.258 eða 66,3% vegna dvalarstyrks og 2.164 eða 33,7% vegna akstursstyrks, sem er óveruleg breyting frá fyrra ári. Veittum dvalarstyrkjum fækkaði um 144 milli ára eða 3,3% og akstursstyrkjum fækkaði einnig milli ára, um 16 eða 0,7%.

Upphæð dvalarstyrks var 88.000 kr. á hvoru mísseri og akstursstyrks 50.000 kr. á mísseri. Á haustmísseri 2003 voru afgreiddir 2.222


Fjöldi lánþega eftir kyni og tegund náms



Fjöldi lánþega eftir aldri (fæðingarári)




Skólagjaldalán á Íslandi (m.kr.)





Fjöldi greiðenda 2003



dvalarstyrkir og 1.121 akstursstyrkir. Á vormisseri 2004 voru afgreiddir 2.036 dvalarstyrkir og 1.043 akstursstyrkir.


## Innheimta námslána.

Innheimta námslána árið 2003 nam alls 3.277.594 þús. kr. og hækkaði um 2,85% frá árinu 2002, en þá var innheimtan 3.186.882 þús. kr. Innheimta dráttarvaxta nam 61,4 m.kr. sem er 6% lækkun frá innheimtu ársins 2002, en þá voru þeir 65,3 m.kr.

Greiðendum fækkaði um 398 milli ára og voru 27.817. Greiðendum R-lána fjölgaði um 869 í 13.035, greiðendum S-lána fækkaði um 498 í 12.038 og greiðendum V-lána fækkaði um 769 í 2.744. Hlutfall kvenna sem greiðenda var 46,14% af V-lánnum, 53,72% af S-lánnum og 52,47% af R-lánnum. V-lán voru veitt frá hausti 1976 til vors 1982, S-lán frá hausti 1982 til vors 1992 en R-lán frá þeim tíma. Meðalaldur þeirra sem greiða af R-lánnum er 34 ár, 41 ár hjá þeim sem greiða af S-lánnum og 48 ár hjá greiðendum V-lána. Meðalársgreiðsla árið 2003 var kr. 125.520 í stað 117.785 árið 2002 og er það 6,57% hækkun. Álagðir vextir R-lána á gjalddaga námu 195,5 m.kr. eða um 15.000 krónum að meðaltali hjá greiðanda R-láns.

Umfangsmiklar tölvuvinnslur eru fólgnar í því að mynda gjalddaga námslána og prenta innheimtuseðla og ítrekanir vegna greiðslna í vanskilum. Myndaðir voru 50.331 gjalddagar á árinu 2003 í reglulegum vinnslum, þar af 26.030 með útsenda greiðsluseðla, 22.694 vegna greiðsludreifingar og 1.607 vegna lögmannsinnheimtu. Þeir skiptust þannig eftir tegund lána og gjalddögum:

Fjöldi skuldunauta 31. desember 2003



Tegund Láns	Gjalddagar	Útsendir seðlar	Greiðslu-dreifing	Lögmannsinnheimta	Alls
R-lán	1.3.2003	6.218	5.311	456	11.985
R-lán	30.6.2003	1.267	157	0	1.424
R-lán	1.9.2003	4.719	5.088	326	10.133
S-lán	1.3.2003	5.612	4.974	394	10.980
S-lán	1.9.2003	5.038	5.133	325	10.496
V-lán	1.7.2003	1.719	1.036	61	2.816
V-lán	1.11.2003	1.457	995	45	2.497
<b>Alls</b>		<b>26.030</b>	<b>22.694</b>	<b>1.607</b>	<b>50.331</b>

Miðað við árið áður fjölgaði þeim um tæp 4 prósentustig sem kusu að deila afborgun námslána niður á fleiri en eina greiðslu. Það voru um 45% greiðenda sem nýttu sér greiðsludreifingu viðskiptabanka eða LÍN-greiðsludreifingu, sem sjóðurinn hefur boðið upp á frá haustinu 2001. Árið 2001 var hlutfall þeirra sem voru í greiðsludreifingu 33,6%. Sjóðurinn býður upp á skuldfærslu í einu lagi á kreditkort og eru það einkum greiðendur búsettir erlendis sem nýta sér þá þjónustu.

Eins og undanfarin ár voru sendar ítrekanir til greiðenda í vanskilum. Ef afborgun er ekki greidd er send ítrekun til greiðanda 20 dögum eftir gjalddaga, til greiðanda og ábyrgðarmanns/manna 55 dögum eftir gjalddaga og lokaviðvörðun um 15 dögum síðar. Alls voru sendar út 19.044 ítrekanir til námsmanna vegna fastrar og/eða tekju-tengdrar afborgunar á árinu 2003, sem er fækkun um 12% frá 2002, þar af 8.807 sem fyrsta ítrekun, 6.035 sem önnur ítrekun og 4.202 sem lokaviðvörðun.

Í ákveðnum tilvikum kunna greiðendur að eiga rétt á undanþágu frá endurgreiðslum námslána. Almenn skilyrði eru þau að tekjur hafi verið lágar og það stafi af tilteknum ástæðum, s.s. námi, örorku eða veikindum. Einnig er heimilt að veita undanþágu ef hagir lánþega breytast verulega, þó svo hann sé yfir tekjumörkum. Á árinu 2003 voru veittar 1.079 undanþágur frá endurgreiðslu námslána miðað við 849 árið áður. Ástæður veittra undanþága sjást á meðfylgjandi yfirliti.

	2003		2002	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nám	647	60,0%	516	60,8%
Örorka	218	20,2%	189	22,3%
Atvinnuleysi	132	12,2%	76	9,0%
Veikindi	66	6,1%	54	6,4%
Slys	0	0,0%	0	0,0%
Umönnun barna / þungun	11	1,0%	10	1,2%
Fangelsisvist	1	0,1%	1	0,1%
Aðrir fjárhagsörðugleikar	1	0,1%	3	0,4%
Skyndileg og veruleg breyting	3	0,3%	0	0,0%
	<b>1.079</b>		<b>849</b>	

Eftirstöðvar V-lána voru um áramót 1.967 m.kr. og lækkuðu um 423 m.kr. á árinu. Eftirstöðvar S-lána voru 26.182 m.kr. og lækkuðu um 740 m.kr. á árinu. Eftirstöðvar R-lána voru 36.160 m.kr. og hækkuðu um 4.805 m.kr. á árinu. Af R-lánnum eru 19.145 m.kr. í innheimtu en 17.015 m.kr. eru ekki komnar til innheimtu. Heildarskuld vegna þessara þriggja lánaflokka er 64.309 milljónir króna sem er hækkan um 3.642 milljónir milli ára. Í afskriftasjóði eru 8.400 m.kr. sem er hækkan um 553 m.kr.


Upplýsingar um skuldastöðu um áramót og greiðslur ársins voru sendar til 35.780 lántakenda og jafnframt voru upplýsingar sendar til RSK sem forskráði skuldastöðu og vaxtagreiðslur á skattframtöl.

Alls voru raunafskriftir sjóðsins á árinu 280,4 m.kr., þar af 246 m.kr. vegna 20 ára reglu V-lána, en eftirstöðvar þessa lánaflokks falla niður þegar greitt hefur verið af slíku láni í 20 ár. Rúmar 34 m.kr. voru afskrifaðar vegna andláts lánþega, en ógjaldfallnar eftirstöðvar námslána falla niður við fráfall greiðanda. Alls nema raunafskriftir sjóðsins, á verðlagi hvers árs, 1.048 m.kr., þar af 355,3 m.kr. vegna andláts lánþega og 692,7 m.kr. vegna 20 ára reglu V-lána.


Meðaltekjur greiðenda R-lána árið 2002 vegna afborgana ársins 2003 voru kr. 2.833.766, S-lána kr. 3.359.295 og V-lána kr. 3.860.666. Milli ára hækkuðu tekjur greiðenda R-lána um 4,4%, S-lána um 6,2% og V-lána um 6,0%.

Vanskil V-lána án dráttarvaxta námu 47,8 milljónum króna og lækkuðu um 2,1 milljón. Vanskil S-lána námu 217,2 milljónum króna og hækkuðu milli ára um 14,8 milljónir og vanskil R-lána námu 217,3 milljónum króna og hækkuðu um 35,6 milljónir milli ára. 53% vanskila V-lána eru vegna gjaldfallinna greiðslna á árinu 2003, 37% S-lána og 41% R-lána.

Yfirlit yfir vanskil og greiðslur í töfluviðauka stemmir ekki við ársreikning þar sem þar er tekið tillit til leiðréttinga sem áttu sér stað á árinu 2004.



**Árlegar afborganir á verðlagi ársins 2003 (m.kr.)**





**“Nýtt reikniforrit var tekið í notkun 20. júlí og fyrstu útborganir vegna skólaársins 2003–2004 hófust tveimur dögum síðar. Mikil undirbúnings- og forritunarvinna var þá að baki, en jafnframt ljóst að fyrsti útreikningur eftir skil á umsókn var einungis áfangi í endurgerð reikniforrítsins.”**

**„Um miðjan desember var „Mitt svæði“ opnað fyrir jöfnunarstyrksumsækjendur á LÍN-vefnum (ytri vefnum). Þar mátti m.a. finna upplýsingar um námsframvindu og útborgun styrkja. Til að komast inn á svæðið þurftu menn að vera skráðir hjá Form.is.“**

Árlega fær sjóðurinn upplýsingar frá Ríkisskattstjóra um tekjur þeirra greiðenda af námslánnum sem búsettir eru á Íslandi, en greiðendur búsettir erlendis verða á hinn bóginn sjálfir að koma staðfestum tekjuupplýsingum til sjóðsins. Ef upplýsingar um tekjur greiðenda bárust ekki tímanlega voru þær áætlaðar af sjóðnum, að þessu sinni annað hvort 6,0 m.kr. eða tvöfaldar eftirstöðvar námslánsins, eftir því hvor fjárhæðin var hærri og var það annað árið í röð sem þeirri framkvæmd var beitt. Í byrjun júlí 2003 var sent bréf til þeirra greiðenda sem áttu lögheimili erlendis 1. desember 2002 og óskað eftir upplýsingum um tekjur þeirra. Send voru bréf til um 3.200 einstaklinga. Alls sendu 2.872 manns inn upplýsingar um tekjur sínar árið 2002. Skil milli ára bötnuðu; um 81% sendu inn upplýsingar á móti um 77% árið áður.

Lán sjóðsins eru að jafnaði til langs tíma og hafa því innheimtar greiðslur aukist jafnt og þétt síðasta áratug. Á föstu verðlagi hafa þær aukist úr 860 m.kr. árið 1992 í 3.280 m.kr. árið 2002. Fjöldi greiðenda er 27.817 árið 2003 en var 16.643 árið 1992.

### Tölvumál.

Nýtt reikniforrit var tekið í notkun 20. júlí og fyrstu útborganir vegna skólaársins 2003–2004 hófust tveimur dögum síðar. Mikil undirbúnings- og forritunarvinna var þá að baki, en jafnframt ljóst að fyrsti útreikningur eftir skil á umsókn var einungis áfangi í endurgerð reikniforrítsins. Aðeins ein ný skjámynd á starfsmannavefnum var innleidd samhliða forritinu, þar sem gerð var grein fyrir helstu útreikningsforsendunum. Nánari upplýsingar þurftu starfsmenn áfram að sækja í gamlar skjámyndir og skjalavistunarkerfið GoPro. Tæplega 70% lánsúmsókna bárust rafrænt frá Form.is og rúmlega 30% á pappír. Sjálfvirkir voru tekið afrit af rafrænum úmsóknum til varðveislu í GoPro, en pappírsumsóknir voru skannaðar af starfsmönnum. Eftir útreikning voru lánsáætlanir sendar rafrænt inn á svokallað NetBox til þeirra sem höfðu sótt um hjá Form.is, en á pappír til hinna. Á skólaárinu fóru um 27.500 lánsáætlanir inn á NetBoxið og um 9.500 voru sendar með bréfaþósti. Allar lánsáætlanir voru afritaðar í GoPro.

Í næstu áföngum við endurnýjun og þróun reikniforrítsins voru tvær upplýsinga- og skráningamyndir teknar í notkun á starfsmannavefnum eða á svokölluðum innri vef sjóðsins. Önnur fékk heitið „Breytilegar forsendur“ og hin „Tekjur“. Fyrri myndin var sett upp í byrjun október og hin síðari í desember. Í myndinni „Breytilegar forsendur“ gafst starfsmönnum kostur á að breyta og leiðrétta ýmsar útreikningsforsendur (s.s. hjúskaparstöðu, fjölda barna og náms tíma) og í seinni myndinni var haldið utan um ýmsar upplýsingar tengdar tekjutilliti sjóðsins, t.d. tekjutímabil, skattgreiðslur, tekjur maka og uppruna, þ.e. hvort teknanna var aflað á Íslandi eða erlendis. Samhliða gerð og uppsetningu tekjumyndarinnar var útborgun framfærslulána eftir haustmisserið undirbúin og veitt sýn á lánsáætlanir á starfsmannavefnum.

Um miðjan desember var „Mitt svæði“ opnað fyrir jöfnunarstyrksumsækjendur á LÍN-vefnum (ytri vefnum). Þar mátti m.a. finna upplýsingar um námsframvindu og útborgun styrkja. Til að komast

inn á svæðið þurftu menn að vera skráðir hjá Form.is. Með því að gera grein fyrir notandanafni og aðgangsorði fékk notandinn sýn á síðuna „Yfirlit umsóknar“. Aðrar síður sem hann gat valið um voru „Umsókn“, „Greiðslur“ og „Allar umsóknir“. Svæðinu var aðallega ætlað að miðla upplýsingum, en fyrir utan umsóknina var þar hvorki hægt að skrá né leiðrétta upplýsingar.

Um miðjan janúar 2004 var NCR700-tölva sjóðsins aftengd, en hún hafði verið starfrækt óslitið frá árinu 1989. Þá hafði LÍN tekið sitt eigið tölvukerfi í notkun og fyrstu 4–5 árin hafði þessi NCR-vél verið aðaltölva sjóðsins. Öll tölvuvinnsla hafði áður farið fram hjá Skýrslu-vélum ríkisins og Reykjavíkurborgar (SKÝRR). Frá upphafsárunum hafði smátt og smátt dregið úr hlutverki vélarinnar og undir það síðasta takmarkað við varðveislunni sniðmáta staðlaðra bréfa til útprintunar í lánakerfinu. Fyrir niðurlagninguna höfðu sniðmátin sem enn voru í notkun verið flutt yfir á aðra tölvu og þau sett upp í Crystal Report umhverfi.

Eftir áramót hélt uppbygging starfsmannavefjarins áfram. Nýjar námslánamyndir voru innleiddar og veftréð endurskipulagt með því að bæta þriðju viddinni við lóðréttu valstikuna. Áfram var gert ráð fyrir að ein til fjórar myndir gætu verið á láréttu valstikunni. Samhliða nýrri útgáfu af lánsáætlunarsíðu var veitt sýn á greiðslumiða þegar um útborgun lána var að ræða. Síðurnar „Yfirlit útborgana“ og „Ábyrgð láns“ fylgdu í kjölfarið. Þrjár skráningarmyndir tengdar öðrum kostnaði en framfærslu voru innleiddar undir heitinum „Ferðakostnaður“, „Skólagjöld og styrkir“ og „Meðlög“, auk þess sem nýjum umsjónarsíðum var bætt við þar sem hægt var að skrá breytingar á stærðum sem reglulega koma til endurskoðunar, t.d. í tengslum við árlega yfirferð á úthlutunarreglum sjóðsins.

Í febrúar hófst undirbúningur að uppsetningu á rafrænni námslánaumsókn á ytri vef sjóðsins fyrir komandi skólaár. Eftir umtalsverða hönnunarvinnu var niðurstaðan sú að hafa umsóknina í sjö þrepum og að hagnýta þær upplýsingar sem fyrir eru í kerfinu til hins ýtrasta. Þannig var gengið út frá þekktum persónuupplýsingum eftir því sem við átti, s.s. um fjölskylduhagi, fyrra nám, umboðsmann, bankareikning og ábyrgðarmann, en einnig veitt leiðsögn og aðgangur að almennum upplýsingum eins og t.d. úr þjóðskrá, um lánshæft nám á skrá hjá sjóðnum og bankaútibú. Skráningarformið var haft breytilegt og leitast við að laga það að þeim upplýsingum sem ætlast var til að umsækjandinn léti í té hverju sinni. Jafnframt var reynt að leiðbeina umsækjandanum og fyrirbyggja mistök með villuprófun í hverju skráningarþrepi.

Með rafrænu lánsumsókninni, sem starfsmenn Hugar hf. hönnuðu og settu upp, má segja að samstarfið við Form.is hafi tekið nýja stefnu. Í stað þess að vista umsóknir hjá þeim og yfirfæra síðan upplýsingar í LÍN-grunninn var hlutverk Form.is nú fyrst og fremst bundið við auðkenningu og aðgangsstýringu. Afrit umsókna var ekki lengur varðveitt í NetBoxi námsmannsins hjá Form.is og hjá sjóðnum var hætt að afrita þær í GoPro. Lánsáætlanir og greiðslutilkynningar voru þó áfram sendar inn á NetBoxið til þeirra umsækjenda sem Form.is hafði auðkennt. Framtíð NetBoxsins var á hinn bóginn einnig í uppnámi þar sem sveigjanleiki þess til móttöku tilkynninga frá

**„Um miðjan janúar 2004 var NCR700-tölva sjóðsins aftengd, en hún hafði verið starfrækt óslitið frá árinu 1989. Þá hafði LÍN tekið sitt eigið tölvukerfi í notkun og fyrstu 4–5 árin hafði þessi NCR-vél verið aðaltölva sjóðsins. Öll tölvuvinnsla hafði áður farið fram hjá Skýrslu-vélum ríkisins og Reykjavíkurborgar (SKÝRR).“**

**„Með rafrænu lánsumsókninni, sem starfsmenn Hugar hf. hönnuðu og settu upp, má segja að samstarfið við Form.is hafi tekið nýja stefnu. Í stað þess að vista umsóknir hjá þeim og yfirfæra síðan upplýsingar í LÍN-grunninn var hlutverk Form.is nú fyrst og fremst bundið við auðkenningu og aðgangsstýringu. Afrit umsókna var ekki lengur varðveitt í NetBoxi námsmannsins hjá Form.is og hjá sjóðnum var hætt að afrita þær í GoPro.“**

**„Móttaka rafrænna umsókna um jöfnunarstyrk var staðfest með tölvupósti til umsækjenda. Á hinn bóginn átti fyrsta eiginlega fjöldaútsendingin með tölvupósti sér stað í desember 2003 þegar „Mitt svæði“ og aðgengi að því var kynnt fyrir umsækjendum um jöfnunarstyrk. Með innleiðingu einkasvæðisins var jafnframt ákveðið að hætta útsendingu greiðslutilkynninga til styrkþega með bréfa-pósti.“**

sjóðnum var takmarkaður. Ákveðin uppstokkun á kerfi Form.is var óhjákvæmileg ef NetBoxið ætti til framtíðar að gagnast fyrir aðrar útsendingar en lánsáætlanir og greiðslutilkynningar sjóðsins.

Rafræna námslánaumsóknin var sett upp 2. júní 2004 og fékk strax góðar viðtökur. Áður hafði náðst samkomulag við Landsbanka Íslands hf. um auðkenningar- og aðgangsstýringarþjónustu. Umsækjendur um námslán sem höfðu aðgang að heimabanka Landsbankans gátu þar með valið að tengjast inn á umsókn þaðan eða eftir skráningu hjá Form.is.

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu var ákveðið að fara sér hægar en til stóð við þróun prentþjóns- og útsendingamála. Ástæðurnar voru margar, en tvær má nefna sérstaklega. Erfitt reyndist að samþætta þær lausnir sem Form.is og Hugvit (GoPro) buðu og þær sem sjóðurinn var að vinna að með uppbyggingu á starfsmannavef og „Mínu svæði“ fyrir viðskiptavinum. Þetta átti bæði við um tengingar CR-kerfisins við NetBoxið hjá Form.is og GoPro-kerfið. Einnig kom í ljós að yfirfærsla sniðmáta úr gamla LÍN-kerfinu yfir í CR-kerfið var vandasöm á meðan nauðsynlegt var að tengja sniðmátin bæði við ný og gömul eftirlits- og úrvinnsluforrit.

Meginverkefnið í prentþjóns- og útsendingarmálum skólaárið 2003–2004 var að yfirfæra stöðluð bréf tengd innheimtu og jöfnunarstyrk yfir í CR-kerfið. Fá viðbótarbréf tengd útlánnum voru á hinn bóginn yfirfærð.

Öll stöðluð bréf tengd jöfnunarstyrk voru endanlega færð yfir í CR-kerfið haustið 2003. Áður höfðu gögn verið lesin úr jöfnunarstyrkskerfinu með forritinu DataPump inn í GoPro og valin þaðan til útprintunar. Í samræmi við áður markaða stefnu voru öll stöðluð „afgreiðslubríf“ vegna jöfnunarstyrks eftir sem áður afrituð í GoPro. Markmiðið var að hafa þar yfirsýn á einum stað yfir bæði erindi og afgreiðslu mála hvers umsækjanda. Síðar um veturinn var horfið frá þessari stefnu. Afritunin var ekki sjálfvirk og aðgengi að útsendum bréfum á starfsmannavefnum sýndi sig að vera fullnægjandi.

Móttaka rafrænna umsókna um jöfnunarstyrk var staðfest með tölvupósti til umsækjenda. Á hinn bóginn átti fyrsta eiginlega fjöldaútsendingin með tölvupósti sér stað í desember 2003 þegar „Mitt svæði“ og aðgengi að því var kynnt fyrir umsækjendum um jöfnunarstyrk. Með innleiðingu einkasvæðisins var jafnframt ákveðið að hætta útsendingu greiðslutilkynninga til styrkþega með bréfa-pósti.

Fyrstu bréfin tengd innheimtu voru send frá CR-kerfinu í september 2003, en þetta voru bréf vegna skuldfærslu á kreditkort, greiðsludreifingar og vanskilaítrekana. Bréfin höfðu áður farið út eftir sérvinnskur í lánakerfinu og umbreytingu upplýsinga í textaskrá sem síðan var steipt saman við stöðluð Word-skjöl. Ræsa þurfti Word-kerfið sérstaklega fyrir hverja útprintun eða sendingu til Umslags. Fyrir skólaárið á undan (2002–2003) höfðu ítrekanirnar verið prentaðar á nálaprentara beint úr námslánakerfinu og á sérstök forprentuð eyðublöð.

Eins og árið áður var beiðni um skattframtalsupplýsingar í mars 2004 stærsta útsendingin frá CR-kerfinu sem tengdist útlánahliðinni. Til barnlausra námsmanna í leiguhúsnæði voru send 2.133 bréf,

5.795 til annarra við nám á Íslandi og 2.467 vegna náms í útlöndum. Stærsta nýja útsendingin var litlu minni þegar 9.450 umsækjendur voru í nóvember 2003 minntir á nauðsyn þess að skila til sjóðsins endanlegri tekjuáætlun fyrir útborgun haustlána.

Fyrstu eyðublöðin sem færð voru úr gamla kerfinu yfir í CR-kerfið tilheyra útlánadeildinni og voru send út í febrúar 2004 til námsmanna í N–Ameríku. Með yfirfærslunni og innleiðingu „breytistærða“ við útprentunina var hægt að fækka tegundum þessara eyðublaða úr sex í tvö. Þau höfðu áður verið forprentuð á samhangandi tölvu-pappír og árituð á nálaprentara. Enn einn kostur CR-kerfisins var að nauðsynlegt fylgibréf með eyðublöðunum var nú hægt að setja upp sem hluta af eyðublaðinu (blaðsíðu tvö) þannig að sérstök þörun að lokinni prentun varð óþörf.

Útgáfustýring sniðmáta í CR-kerfinu var frestað til næsta skólaárs. Bréf sem þurfti að uppfæra fengu því nýtt sniðmát og nýja auðkenningu ef breytingin var veruleg og talið æskilegt að geta endurgert áður útsend bréf nákvæmlega eins og þau fóru frá sjóðnum.

Í lok skólaárs má segja að tveir stórir og vandmeðfarnir prent- og útsendingarflokkar hafi beðið yfirfærslu í CR-kerfið. Annars vegar forprentuð blöð eins og t.d. skuldabréf, viðbótarábyrgð og yfirlit yfir greiðslur og hins vegar svokallaðar orðsendingar og fylgiskjalabeiðnir, sem verða til eftir vinnslur og pantanir starfsmanna í námslánakerfinu. Textarnir eða sniðmátin eru geymd í gagnagrunni námslánakerfisins, en vinnsla þeirra framkvæmd í NCR-3450 tölvu sjóðsins. Í tilviki orðsendinga og fylgiskjalabeiðna er um að ræða stutta staðlaða texta fyrir hefðbundinn bréfaþóst. Ef fleiri en einn texti er pantaður er þeim safnað saman. Útprentun á sér yfirleitt stað að morgni daginn eftir; allar orðsendingar í einu bréfi og allar fylgiskjalabeiðnir í öðru eftir því sem við á. Við prentunina er notaður nálaprentari.

Orðsendingar eru pantaðar af starfsmönnum ef eitthvað vantar til að hægt sé að fullskrá umbeðnar upplýsingar, s.s. í tengslum við umsókn, skuldabréf eða tekjur. Þeim er þannig oftast ætlað að fylgja eyðublöðum sem þarf að endursenda vegna þess að þau eru ekki rétt útfyllt. Mikilvægustu orðsendingarnar sem enn eru í notkun tengjast skráningu lánsúmsókna og skuldabréfa og voru einungis tvær orðsendingar af annarri tegund pantaðar skólaárið 2003–2004.
